

# Fundur svæðisráðs Norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs

## Laugum 22.janúar. 2013

**Mættir 15.00:** Sigurjón Benediktsson Norðurþingi á skype, Sigprúður Stella Jóhannsdóttir frá umhverfisverndarsamtökum, Böðvar Pétursson Skútustaðahrepp, Friðrika Sigurgeirsdóttir frá Þingeyjarsveit, Jóhann Björgvinsson frá samtökum útivistarféлага, Helgi Héðinsson frá ferðamálsamtökum norðurlands og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð. Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri var með í síma undir lið 4.

### DAGSKRÁ:

#### 1. Atvinnustefna

#### 2. Hápunktar sumars Hjörleifur

#### 3. Ársfundur og næstu fundir

#### 4. Rekstrar og framkvæmdaáætlun 2013 Hjörleifur og Þórður

#### 5. Vikrafellsleið niðurstaða þolmarkarannsóknar

#### 6. Önnur mál:

1. Atvinnustefnan rædd vítt og breytt. Vinnan við gerð hennar hefur af hálfu ráðgjafafyrirtæksins Alta ekki þróast mikið síðan síðasta fundi svæðisráðs. Hjörleifur greindi frá því að þjóðgarðsverðir hefðu í byrjun árs skilað „sögum“ sönnum og tilbúnum sem lýsa þeim álitamálum gagnvart atvinnustarfsemi sem þeir telja að geta komið upp. Svæðisráð telur mikilvægt að atvinnustefnan verði skýr, afgerandi og einföld.
2. Hjörleifur greindi stuttlega frá því helsta í starfsemi þjóðgarðsins á liðnu ári.
3. Ársfundur verður haldinn 6. apríl. Samþykkt að þema fundarins verði atvinnustefnan, sbr lið 1. Rætt um að breyta formi ársfundarins í átt að „miðalýðræðisfund“ og lagðist það vel í fundarmenn. Böðvari var því falið að athuga með aðkomu Alta, Óla Halldórssonar hjá þekkingarsetri Þingeyinga og Reynhards Reynisonar hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.
4. Hjörleifur og Þórður kynntu tillögu að rekstraráætlun og framkvæmdaáætlun. Nokkrar umræður spunnust um hlut Norðursvæðis í aukningu á rekstrarfé þjóðgarðsins í heild svo og um sértekjuliðinn og gjaldskrá. Sigprúður Stella taldi það mikilsvert að unglingar að 16 ára aldri væru undanþegnir gjaldi. Almennt voru menn nokkuð gagnrýnir á að sértekjuliðurinn væri í hærra lagi. Svæðisráð samþykkir fyrirbyggjandi rekstrar og framkvæmdaáætlun en leggur til að sértekjuliðurinn verði færður niður um eina milljón úr 24 í 23 milljónir.
5. Miklar umræður almennt um skýrsluna og hvort hennar hafi verið þörf. Böðvar, Friðrika, Helgi, Jóhann og Sigurjón greiða atkvæði með eftirfarandi ályktun svæðisráðs: Svæðisráð Norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs tekur undir niðurstöður og tillögu rannsóknarskýrslunnar um opnun leiðar norðan Dyngjufjalla (Vikrafellsleið) og ítrekar fyrri afstöðu svæðisráðs frá fundi 13. janúar 2012. Sigprúður Stella sat hjá en boðaði bókun innan 24 tíma. Sigurjón boðar einnig bókun.

Bókun Sigprúðar Stelli Jóhannsdóttur:

**Bókun á fundi svæðisráðs Norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 22. janúar 2012.**

Í framhaldi af fram kominni skýrslu um Vikrafellsleið í Vatnajökulsþjóðgarði og tillögu rannsóknarteymisins um opnun Vikrafellsleiðar vill undirrituð árétta bókun sína um Vikrafellsleið frá fundi svæðisráðs þann 13. Janúar 2012 og þá sérstaklega eftirfarandi:

„Ef niðurstaða stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs verður hinsvegar sú að Vikrafellsleið verði opin fyrir vélknúinni umferð yfir sumartímann, sbr. tillögu B, telur undirrituð að endurskoða eigi allt vegakerfi þjóðgarðsins norðan Vatnajökuls m.t.t. náttúruminja svæðisins, víðerna, göngusvæða og öræfakýrrðar. Ef breyting er gerð á einni leið/einu svæði með þessum hætti hefur það áhrif á allt skipulag svæðisins; aðkomu, þjónustu, skerðingu víðerna, upplifun og fleira. Það er því nauðsynlegt að horfa á heildarmynd og heildarskipulag alls svæðisins með tilliti til verndunar og landnotkunar en ekki eingöngu einstakar leiðir.“

Undirrituð þakkar fyrir góða samantekt í skýrslu en telur jafnframt mikilvægt að unnið verði áfram með hugmyndir rannsóknarteymisins um skipulag vegakerfis á norðurhálandinu, sem settar eru fram í viðauka B með skýrslunni, og skoðað hvernig kerfið geti sem best þróast. Einnig er mikilvægt að Vatnajökulsþjóðgarður fylgist vel með umferð á Vikrafellsleið sem og á öðrum leiðum á hálandinu á norðursvæði þjóðgarðsins. Setja þarf ásættanleg viðmið þeirra áhrifa sem vélknúin umferð hefur á hverri leið, bæði umhverfisleg og félagsleg. Síðan verði fylgst með þróun umferðar, hún metin og viðeigandi ráðstafanir gerðar.

Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir, fulltrúi umhverfissamtaka í svæðisráði Norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs.

Bókanir Sigurjóns Benediktssonar:

Ég undirritaður tel að ákvörðun um að LOKA slóðum sem sannarlega hafa verið notaðir í áratugi geti ekki verið á annara færi en svæðisstjórna þjóðgarðsins helst með einróma samþykki falli það innan vinnureglna svæðisstjórnanna. Ákvarðanir um að OPNA nýjar leiðir innan þjóðgarðsins er aftur á móti skipulagsskyld aðgerð sem krefst allt annars undirbúnings og vinnubragða, þar sem fleiri koma að málum.

Og:

Var að berjast í gegnum skýrslu um Vikrafellsleið. Hvernig er hægt að semja svona skýrslu um einfalda ákvörðun er mér óskiljanlegt. Meginefni skýrslunnar kemur úr vinnu tveggja hópa og er endurteking á flestu sem kemur fram í áætluninni. Allt vel gert og fagmannlegt en þung er nú stjórnarsýslan um eina litla ákvörðun. Virðist vera sett fram til að afsaka einhverjar lokunaraðgerðir sem eru í pípunum.

Ekki veit ég

Tel að peningum sé betur varið í raunverulega uppbyggingu nýtingar þjóðgarðsins fremur en endalugar rannsóknir og skýrslur sem alltaf verða barns síns tíma. Það hlýtur að vera áhyggjuefni hvernig aðkoma að garðinum er takmörkuð. Vel mætti hugsa sér að með uppbyggingu Sprengisandsleiðar og tengingu austur og norður við t.d Gæsavatnaleið væri raunverulega hægt að bjóða upp á aðkomu almennings og

*ferðafólks að garðinum.*

*Sjálfsgagt og eðlilegt er að þiggja boð 4x4 klúbbsins um merkingu leiðarinnar. Ég ítreka fyrri ábendingar mínar um að í raun er fráleitt að loka slóðum sem þegar eru til. Verst að ekki eru fleiri slóðar sem gætu dreift umferðinni, umferð sem er nú ekkert óskapleg og ekkert vandamál. Vonandi verður það viðfangsefni að umferð aukist, viðfangsefni sem þarf að leysa. Til dæmis með fjölbreyttari leiðum og fleirum. Upplifun ferðamanna í þjóðgarðinum er þeirra upplifun en ekki okkar. Öll upplifum við þessar leiðir á okkar hátt.*

*Dagskrá fundarins hefur ekki verið send út með neinu öðru en atvinnustefnunni og svo skýrslunni um Vikrafellsleið. Varðandi Ásbyrgi tel ég ekki ásættanlegt til að viðhalda góðu sambandi við sveitarfélög og íbúa að hrófla mikið við stöðunni eins og hún er. Það verður að segjast eins og er að ásókn Vatnajökulsþjóðgarðs í land í nágrenni skilgreinds þjóðgarðs vekur upp margar spurningar heimamanna. Eigendur Reykjahlíðar hafa reynst mörgum erfiðir í samningum og ruanr best að vera lausir við að þurfa að eiga við landeigendafélagið sé þess nokkur kostur. Hvernig væri að færa allt skipulagskyllt inn í þjóðgarðinn til að ljúka þessu ásættanlega fyrir sem flesta?*  
*Sigurjón Benediktsson 1408514269*

#### 6. Önnur mál

**Vestaráland.** Böðvar spurði þjóðgarðsvörð út í stöðu mála hvað varðar Vestaráland í Öxarfirði. Hjörleifur greindi frá því að menn hefðu trúað því í u.þ.b. tvö ár eftir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs að umsjón eigna ríkisins á Vestarálandi hefði flust til hans með öðrum eignum þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum. Það var hins vegar misskilningur og fluttist þessi umsjón aldrei frá Umhverfisstofnun, þar sem hún er enn í dag. Vatnajökulsþjóðgarður hefur því enga aðkomu að eignum ríkisins á Vestarálandi.

**Ásbyrgi.** Hjörleifur skilar skýrslu til Svæðisráðs um stöðu mála milli Skógræktar ríkisins og þjóðgarðsins varðandi eignir ríkisins í Ásbyrgi.

**Dettifoss að vestan.** Böðvar upplýsir um viðræður um landakaup við Landeigendafélag Reykjahlíðar.

Fundi slitið 18.10